



Hagaskóli sigursæll á SID2010

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn, SID2010, var haldinn hátfölegur 9. febrúar síðastliðinn í sjöunda sinn. Í tilefni dagsins stóð SAFT fyrir opnu málþingi þar sem þemað var „Hugsaðu áður en þú sendir“. Úrslit voru kunngerð úr nemendasamkeppni SAFT og Nýherja meðal grunn- og framhaldsskólanema um gerð jafningjafræðsluefnis sem stuðla á að jákvæðri og öruggri netnotkun. Dórnafnd skipuðu fulltrúar SAFT og Heimilis og skóla, Námsgagnastofnunar, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Nýherja.

Fyrstu verðlaun hlaut Hagaskóli fyrir þemaviku um jákvæða og örugga netnotkun. Fékk skólinn IdeaPad fartölvu frá Lenovo að launum. Önnur verðlaun fengu nemendur í 9. og 10. bekk Grenivíkurskóla fyrir fréttablaðið Dúndur og fengu þau Canon FS200 upptökuvél. Í þriðja sæti voru stúlkur úr 10. bekk EKH í Hagaskóla fyrir stuttmyndina Netfíkn og hlutu þær 320 GB flakkara.

Netöryggi og nýsköpun á hringferð

Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, fór í hringferð um landið í samvinnu við SAFT dagana 21. til 28. febrúar til að ræða netöryggi og nýsköpun á opnum fundum í skólum fyrir börn, unglinga og foreldra. Megintilgangur ferðarinnar var að hvetja til ábyrgðar hegðunar í rafrænum samskiptum og vekja fólk til umhugsunar um hvernig börn og fullorðnir geti varast ýmsar hættur sem fylgt geta netnotkun. Halldór nýtti jafnframt tækifærið til að ræða nýsköpun í atvinnulífi og byggðamáli og hvernig framfarir í tækniþróun geti nýst við uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Öryggisboðorð SAFT voru kynnt á hringferðinni en Halldór flutti erindi á málþingi SAFT sem haldið var á alþjóðlega netöryggisdaginn, 9. febrúar. Halldór bloggaði um ferð sína á hringurinn. spaces.live.com og birtist viðtal við hann um ferðina í Morgunblaðinu.



Heildstæð menntun á umbrotatímum

Föstudaginn 5. mars síðastliðinn tóku stjórnarmeðlimir Heimilis og skóla og starfsfólk þátt í Menntaþingi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Yfirskrift þingsins var: Heildstæð menntun á umbrotatímum og sex borðstjórar voru frá Heimili og skóla í þeim málstofum sem í boði voru. Rætt var um: velferð í skólum - nemendur, kennara og aðra starfsmenn, námslengd og skil milli skólástiga - endurskoðun eða óbreytt ástand og framhaldsskóla fyrir alla? Markmið og leiðir. Frummælendur voru í þessari röð: Guðni Olgeirsson, Dr. Gerður G. Óskarsdóttir og Dr. Gestur Guðmundsson. Rödd foreldra heyrðist vel á málþinginu en rauði þráðurinn í gegnum þingið var samstarf og samráð þeirra sem koma að skólastarfi, þ.e. kennara, nemenda, foreldra og samfélagsins. Talað var um að skólinn væri hjartað í hverfinu. Öllum gögnum sem til urðu á Menntaþingi var safnað saman og vinnur mennta- og menningarmálaráðuneytið úr þeim og birtir niðurstöður.

Innritun nýnema í framhaldsskóla

Unnið er að endurbótum á fyrirkomulagi innritunar með það í huga að auka ráðgjöf við nemendur í grunnskólum og auðvelda þeim inngöngu í framhaldsskóla að loknu skyldunámi. Innritun nýnema úr 10. bekk í framhaldsskóla fyrir haustið 2010 er í tvennu lagi. Nýnemar skulu sækja um framhaldsskóla dagana 12. til 16. apríl. Þeir eiga að velja námsbraut og tvo skóla, aðal- og varaskóla. Þeim er eindregið ráðlagt að hafa annan þeirra þann skóla sem á að veita þeim forgang hafi þeir staðist inntökuskilyrði. Enginn vitnisburður fylgir nemendum í þessari forinnritun og umsóknir verða ekki endanlega afgreiddar fyrr en lokavitnisburður grunnskóla liggur fyrir. Að loknum skólaslitum í vor verður lokavitnisburður nemenda sendur til þess skóla sem þeir sóttu um sem fyrra val. Nemendum gefst þá einnig frestur til þess að endurskoða umsókn sína dagana 7. til 11. júní. Nemendur sem búa á svæði skóla eiga forgang til inngöngu á þær námsbrautir sem þar eru í boði ef þeir standast inntökuskilyrði. Nánari upplýsingar er að finna hér og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Málþing um nýjar innritunarreglur

Heimili og skóli heldur málþing um nýjar innritunarreglur í framhaldsskóla 18. mars nk. í Verzlunarskóla Íslands. Fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu kynnr nýjar reglur, Ingi Ólafsson skólástjóri VÍ flytur erindi ásamt fleiri fulltrúum þeirra hópa er reglurnar varða. Allir eru velkomnir en nánari upplýsingar verða til reiðu síðar.